

Drög velferðarnefndar  
Samfylkingarinnar fyrir landsfund 2020

# Inngangur

Velferð er grunnstoð í íslensks samfélags. Jafnaðarflokkar hafa ásamt verkalyðshreyfingunni verið í fararbroddi í uppbyggingu þess.

Breyttar og nýjar aðstæður gera þær kröfur til jafnaðarfólks og verkalyðshreyfingarinnar að tryggja að velferðarkerfið sinni öllum, grípi fólk án tillits til efnahags eða félagslegrar stöðu.

Covid-19 faraldurinn sýnir vel hve almennt og gott heilbrigðiskerfi skiptir miklu máli. Faraldurinn hefur hins vegar leitt í ljós bresti í heilbrigðis- og velferðarkerfinu sem bitna helst á láglaunafólki og fólki í erfiðum félagslegum aðstæðum. Samfylkingin og verkalyðshreyfingin eru sameinuð í kröfunni um hækkun atvinnuleysisbóta og annarrar grunnframfærslu.

Samfylkingin vill stórefla gjaldfrjálsa opinbera heilbrigðisþjónustu.

## Félagslegt réttlæti

Samfylkingin vill að notendasamráð sé viðhaft við alla stefnumótun og opinbera ákvarðanatöku og þannig sé tryggt að stefnan sé framkvæmd í takti við raunveruleika og aðstæður og þarfir ólíkra hópa.

## Fátækt

Fátækt er brot á mannréttindum. Hún er afsprengi pólitískra ákvarðana. Samfylkingin vill útrýma fátækt í allri mynd á Íslandi.

Ekkert barn á að búa við fátækt. Rjúfa þarf vítahring fátæktar og takmarkaðra tækifæra barna.

Endurskilgreina þarf grunnframfærsluviðmið, tryggja að opinberir aðilar fari eftir því og fylgi því með samræmdum hætti þannig að enginn búi við skort.

Opinbert kerfi verður að virka þannig að enginn falli á milli og týnist, hvort sem varðar fjárhagslega, félagslega eða heilsufarslega grunnþjónustu.

Hætt verði að skerða greiðslur frá TR „krónu á móti krónu“.

Samfylkingin vill að farið verði í markvissar aðgerðir til að finna fjölskyldur sem búa við fátækt og beita fjölbreyttum og sértækum úrræðum sem henta viðkomandi fjölskyldu að teknu tilliti til menningarlegs og félagslegs bakgrunns til að rjúfa vítahring fátæktar og félagslegrar einangrunar.

# Heilbrigðismál

Opinbert heilbrigðiskerfi verði eflt og stóraukið fjármagn tryggja að fólk um land allt eigi kost á nauðsynlegri heilbrigðisþjónustu. Samfylkingin fagnar aukinni áherslu á þverfaglega samvinnu innan heilbrigðisþjónustunnar. Jafnframt þarf að útrýma biðlistum í nauðsynlegar aðgerðir sem hafa skerðandi áhrif á lífskjör fólks.

Byggð verði fjölbreytt búsetuúrræði fyrir ungt fólk sem þarfnast hjúkrunar- og/eða sólarhringsþjónustu. Þessum yngri hópi verði gert kleift að fá búsetu með stuðningi sem hentar aldri og þjónustubörfum.

Lögð verði áhersla á geðheilbrigði fólks á öllum aldri með forvörnum, endurhæfingu og aðgengi að niðurgreiddri geð- og sálfræðiþjónustu. Stuðlað verði að aukinni umræðu og fræðslu um geðheilbrigðismál. Lögð verði áhersla á orsakapætti geðheilbrigðis í stað einkennamiðaðrar nálgunnar. Samráð og samstarf verði aukið milli notenda og fagfólks. Eftirlit verði aukið með opinberri og útvistaðri þjónustu. Aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu allan sólarhringinn verði tryggt.

# Heilsugæslan

Heilsugæslan verði eflt og aðgengi að henni bætt. Sál-félagsleg þjónusta verði styrkt í heilsugæslunni. Heimahjúkrun og heimabjónusta aldraðra sem og fólks með fötlun verði samþætt og sameinuð á vegum sveitarfélaga.

# Forvarnir og lýðheilsa

Skilgreind verði þátttökuvíðmið sem tryggja að samfélagið gefi fólki skýr skilaboð um að öllum séu tryggð tækifæri til þátttöku og búist sé við þátttöku allra.

Með þátttökuvíðmiðum væri einnig áréttað að einstaklingurinn er skuldbundinn samfélaginu og þátttökuvíðmið væri hugsað í ljósi hugmyndarinnar um valdeflingu og félagsauð.

# Öflug endurhæfing

Almannatryggingakerfið þarfnast víðtækrar endurskoðunar og einföldunar. Innleiða þarf hugmyndafræði starfsgetumats með áherslu á endurhæfingu og virkni á forsendum fólks með skerta starfsgetu. Tryggja þarf að lífeyrispegum verði ekki refsað með skerðingum þó þeir vinni hluta- eða tímabundin störf. Samhliða þarf að endurskoða greiðslukerfi almannatrygginga þannig að það hvetji til virkni og atvinnuþátttöku. Tryggja þarf öryrkjum tækifæri á endurmenntun og þjálfun.

Þjónusta við fatlað fólk verði samfelld á skóla- og aldursstigum og mæti fjölbreytilegum þjónustubörfum fatlaðra og lskyldna þeirra. Fötluum sé gert kleift að taka virkan þátt í

samfélaginu og komi að stefnumótun í eigin málefnum. Lögum um NPA fylgi nægjanlegt fjármagn sem geri sveitarfélögum kleift að uppfylla lögbundnar skyldur sínar.

## Húsnæði - bæta við.

Samfylkingin vill skýran lagaramma um leigumarkað og eitt kerfi húsnæðisbóta. Halda þarf áfram uppbyggingu á húsnæðissamvinnu- og leigufélögum sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða. Fjölga þarf félagslegum íbúðum um land allt og búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk í samræmi við óskir þess og þarfir.

## Börn og fjölskyldur

Áhersla verði lögð á snemmtæka íhlutun þegar kemur að málefnum barna og unglinga. Börnum og foreldrum verði gert kleift að verja meiri tíma saman. Stytting vinnuviku barna og foreldra er þar lykilatriði. Foreldraorlof verði lengt í 18 mánuði þannig að öll börn fái notið fulls orlofs með foreldri óháð fjölskyldugerð og þá taki leikskólinn við. Verklegt nám og listnám í grunnskólum verði aukið og komið til móts við ólíkar þarfir og hæfileika barna og ungmenna. Fræðsla og forvarnir verði aukin er varðar ofþyngd og fíkn og sérstök áhersla verði lögð á forvarnir er varðar geðheilbrigði. Stutt verði við þverfaglega nálgun í þjónustu við börn og fjölskyldur í skólum Tryggja þarf að börn af erlendum uppruna fái móðurmálskennslu sé þess nokkur kostur.

## Eldri borgarar

Samfylkingin hafnar aldursmisrétti sem m.a birtist í því að aldraðir séu álitnir einsleitir hópur sem hafi sama vilja og þarfir. Aldraðir eiga rétt á að hafa áhrif á eigin aðstæður og hafa val eins lengi og kostur er um atvinnuþátttöku, menntun, hreyfingu og önnur áhugamál.

Tryggð verði samfella á milli þjónustustiga í málefnum aldraðra, aðgengi að upplýsingum og úrræðum gert auðveldara og tryggt að kerfin tali saman.

Dregið verði verulega úr tekjutengingu almannatrygginga vegna greiðslna frá lífeyrissjóðum og annarra tekna.

Leggja þarf áherslu á uppbyggingu hjúkrunar- og dvalarrýma fyrir aldraða. Fram að því þarf öldruðu fólki að standa til boða samþætt, þverfagleg gæðaþjónusta. Aukin áhersla verði lögð á geðrækt og trausta geðheilbrigðisþjónustu, bæði innan og utan dvalar- og hjúkrunarheimila. Stuðla þarf að virkni og þátttöku með forvarnarstarfi og bættu aðgengi að sérfræðiaðstoð.

# Fjölmenning

Viðhorfsbreytingar er þörf til innflytjenda og flóttafólks sem byggir á að þau séu velkomin og þeim gert kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Lykillinn að farsælli búsetu er að skilja samfélagið og taka fullan þátt í því. Stuðlað verði að gagnkvæmri menningarfræðslu til að minnka fordóma og auðvelda aðlögun hér á landi. Atvinnuþáttaka innflytjenda verði auðvelduð með sveigjanlegra regluverki og stuðlað að því að menntun verði metin í auknum mæli. Opinberar heimasíður ríkis og sveitarfélaga komi til móts við þau sem ekki tala góða íslensku og einnig þau sem skilja ekki stofnanamál.

Húsnæðiskafli -- Freyja og Logi

Jafnrétti -- heyra í Önnu og Tobbu (Gæta þess að við lyftum okkar verkum) kynjakerfi, hinsegin og félagslegt jafnrétti svo sem meðal innflytjenda

Verkalýðsarmur Samfylkingarinnar -- kafli um gildismat